

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Viðskiptabréfareglur

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Viðskiptabréfareglur (60%)

ATH. Prófið er tvískipt: Viðskiptabréfareglur (60%)
Veðréttur og þinglýsingar (40%)

Prófdagur: 8. nóvember 2014

Kl.: 09:00 – 13:00

Úrlausnartími: 4 klst.

Prófblöð: 6 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir

Fylgiblöð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI
ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Viðskiptabréfareglur 60%

A. Rétt eða rangt (8%)

Eftirfarandi fullyrðingar eru annað hvort réttar eða rangar. Lesið eftirfarandi spurningar vandlega. Gefin eru 1 stig fyrir rétt svar. Dregið er frá 1 stig fyrir rangt svar. Ekkert er dregið frá fyrir spurningar sem sleppt er að svara. Aðeins einn möguleiki er réttur í hverri spurningu.

1. Hlutaskírteini í einkahlutafélögum eru viðskiptabréf.
☐ Rétt
☐ Rangt
2. Þegar greidd er afborgun af höfuðstól og vextir um leið nægir skuldaránnum laus kvittun fyrir afborguninni til að halda þessari mótbáru gagnvart grandlausum framsalshafa.
☐ Rétt
☐ Rangt
3. Sá, sem ritað hefur framsal á víxil, ábyrgist greiðslu hans, nema annað sé sérstaklega tekið fram.
☐ Rétt
☐ Rangt
4. Það er skilyrði svo skjal teljist gilt skuldabréf að það sé vottað af tveimur mönnum um rétta dagsetningu, undirritun og fjárræði útgefanda.
☐ Rétt
☐ Rangt
5. Ef sá, sem undirritar skuldabréf fyrir hönd útgefanda (skuldara) samkvæmt umboði frá útgefandanum, hefur farið út fyrir heimild sem hann hafði en er samt innan marka umboðsins sjálfs, er um að ræða sterka mótbáru, sem skuldari getur borið fyrir sig gagnvart framsalshafa skuldabréfsins.
☐ Rétt
☐ Rangt

6. Sterkar mótbárur skuldara komast almennt að gagnvart kröfuhafa samkvæmt skuldabréfi sem er rafrænt skráð.

☐ Rétt

☐ Rangt

7. Við framsal víxils til grandlauss framsalshafa glatar skuldari öllum mótbárum gagnvart framsalshafa sem ekki eru skráðar á víxlinn án tillits til þess hvort sterkar eða veikar mótbárur sé að ræða.

☐ Rétt

☐ Rangt

8. Tékki er ávallt gefinn út á hendur banka eða sparisjóði.

☐ Rétt

☐ Rangt

B. Krossasurningar (16%)

Lesið eftirfarandi spurningar vandlega. Tvö stig eru gefin fyrir rétt svar. Tveir þriðju (0,67) af stigi er dregið frá fyrir rangt svar. Ekkert er dregið frá fyrir spurningar sem sleppt er að svara. Aðeins skal velja einn möguleika í hverri spurningu.

1. Helstu eiginleikar sem almennt einkenna viðskiptabréf eru:

a) ☐ Að um sé að ræða einhliða yfirlýsingu, sem gefin er út af útgefandanum sjálfum eða staðgöngumanni hans, getur staðið efnislega sjálfstæð, er framseljanleg og hefur viðskiptagildi.

b) ☐ Að um sé að ræða samning, þar sem annar samningsaðilinn tekur á sig skyldu til að greiða ákveðna greiðslu gegn ákveðnu gagngjaldi.

c) ☐ Að um sé að framseljanleg skráð verðmæti.

d) ☐ Að um sé að ræða einhliða yfirlýsingu, sem gefin er út af útgefandanum sjálfum eða staðgöngumanni hans, þar sem útgefandinn viðurkennir einhliða og skilyrðislaust skyldu sína til að greiða ákveðna peningagreiðslu.

2. Skuldabréf telst framselt með samningi í lifanda lífi ef...

a) ☐ ... ábyrgðarmaður innleysir skuldabréf.

b) ☐ ... skuldabréf er afhent lögmanni til innheimtu.

c) ☐ ... skuldabréf er gefið þriðja manni.

d) ☐ ... skuldabréf erfist.

3. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt:
- a) ☐ Þriðji maður sem eignast hefur réttindi yfir nafnbréfi án þess að þau hafi verið skráð á bréfið tapar rétti sínum þrátt fyrir að framsal til framsalshafa sé falsað.
 - b) ☐ Þriðji maður sem eignast hefur réttindi yfir rafbréfi án þess að þau hafi verið skráð í verðbréfamiðstöð tapar rétti sínum gagnvart framsalshafa eftir að framsal er skráð í verðbréfamiðstöð þrátt fyrir að framsal sé komið til vegna fölsunar.
 - c) ☐ Þriðji maður sem eignast hefur réttindi yfir rafbréfi án þess að þau hafi verið skráð í verðbréfamiðstöð tapar rétti sínum gagnvart framsalshafa eftir að framsal er skráð í verðbréfamiðstöð þrátt fyrir að framseljandi hafi verið alvarlega andlega vanheill við framsal.
 - d) ☐ Þriðji maður sem eignast hefur réttindi yfir nafnbréfi án þess að þau hafi verið skráð á bréfið tapar rétti sínum þrátt fyrir að framseljandi hafi verið alvarlega andlega vanheill við framsal.
4. Hver af eftirfarandi mótbárum er veik mótbára:
- a) ☐ Andleg vanheilindi á háu stigi.
 - b) ☐ Umboðsmaður fer út fyrir heimild sína.
 - c) ☐ Geymslugreiðsla.
 - d) ☐ Efni viðskiptabréfs andstætt lögum.
5. Hver eftirfarandi fullyrðinga um huglæga afstöðu framsalshafa er rétt:
- a) ☐ Framsalshafi getur unnið betri rétt yfir viðskiptabréfi heldur en framseljandi átti án tillits til þess hvort hann hafi verið grandsamur um mótbáru skuldara eða réttindi þriðja manns.
 - b) ☐ Þegar um framsal hlutabréfi er að ræða nægir framsalshafa að kynna sér eingöngu hlutabréfið sjálft til að sinna rannsóknarskyldu sinni.
 - c) ☐ Huglæg afstaða framsalshafa skiptir ekki máli þegar um er að ræða rafrænt skráð viðskiptabréf.
 - d) ☐ Ríkari kröfur eru gerðar til rannsóknarskyldu framsalshafa þegar um er að ræða víxla og tékka en skuldabréfa.

6. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt:
- a) ☐ Falli ein afborgun og vextir skuldabréfs í gjalddaga án greiðslu er kröfuhafa almennt heimilt að gjaldfella alla útistandandi skuld samkvæmt skuldabréfinu án tillits til þess hvort slík heimild komi fram í skuldabréfinu eða ekki.
 - b) ☐ Skuldabréf fela ávallt í sér skuldbindingu til að greiða ákveðna peningafjárhæð.
 - c) ☐ Framseljandi skuldabréfs ber almennt ábyrgð á því gagnvart framsalshafa að krafan samkvæmt skuldabréfinu fáið greidd.
 - d) ☐ Skuldabréf eru ávallt nafnbref.
7. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt varðandi rafræna eignaskráningu verðbréfa:
- a) ☐ Einingis reikningsstofnanir geta eignast rafbref og fengið þau eignaskráð hjá verðbréfamiðstöð.
 - b) ☐ Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar berst verðbréfamiðstöð.
 - c) ☐ Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær lokafærsla á sér stað verðbréfamiðstöð.
 - d) ☐ Ef eignarréttindi yfir verðbréfi eru eignaskráð hefur eigandi val um hvort hann notar ápreifanlega verðbréfið eða rafrænt skráða verðbréfið við framsal.
8. Þegar viðskiptabréf hefur verið ógilt með dómi á grundvelli XVIII. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991:
- a) ☐ Falla niður öll réttindi sem viðskiptabréfið bar með sér niður og skuldari er laus undan skuldbindingu sinni.
 - b) ☐ Skal aflýsa skjali úr þinglýsingabók.
 - c) ☐ Falla niður allar mótbárur skuldara.
 - d) ☐ Ekkert af ofangreindu er rétt.

C. Ritgerðarspurningar (18%).

Svarið **tveimur** af eftirfarandi spurningum.

1. Fjallið um skilyrði mótbárutaps og réttindamissis.
2. Fjallið um skilríkisregluna.
3. Fjallið um innlausnarrétt skuldara.

D. Raunhæft verkefni (18%)

Hans Óli hafði lengi haft hug á að fjárfesta í flugvél. Fyrir ári síðan bauðst honum að kaupa litla flugvél sem nefnd er Fálkinn. Til að fjármagna kaup á Fálkanum leitaði hann til fjárfestisins Jobba Hattar. Jobbi Höttur bauðst til að lána honum 6 milljónir gegn útgáfu skuldabréfs. Hans Óli gaf út skuldabréf til Jobba Hattar og í skuldabréfinu sagði m.a. „Ég undirritaður Hans Óli viðurkenni með undirritun minni á skuldabréf þetta að skulda Jobba Hetti eða þeim er síðar kann að eignast bréfið sex milljónir króna og skuldbind mig til að endurgreiða þá fjárhæð eins og nánar greinir í bréfi þessu.“ Í skuldabréfinu kom fram að skuldin bæri 10% fasta ársvexti og skyldi endurgreiðast með þremur jöfnum afborgunum (2 milljónir hver), 1. mars 2014, 1. júlí 2014 og 1. nóvember. Vextir skyldu síðan greiðast í einu lagi með síðustu afborgun.

Hans Óli greiddi 2 milljónir 1. mars 2014 og 1 milljón 20. september 2014. Ritað var um afborgunina 1. mars á bréfið en ekkert var ritað á bréfið um síðari innborgunina.

Þann 6. október 2014 var braust glæpagengi inn til Jobba og stal ýmsu, þ.á.m. skuldabréfinu á hendur Hans Óla. Aðili innan glæpagengisins falsaði undirskrift Jobba á skjalið þannig að það var framelt til handhafa. Skuldabréfinu var síðan komið í hendur lögfræðingsins Loga sem síðan framseldi bréfið til Lilju vinkonu sinnar. Hans Óli greiddi Jobba 1 milljón þann 20. október en gætti ekki að því að fá að sjá skuldabréfið eða láta rita á það afborganir.

Lilja hefur nú farið á fund Hans Óla, framvísað skuldabréfinu og kafið hann um greiðslu á 4 milljónum króna auk vaxta. Hans Óli upplýsti að hann hefði þegar greitt fyrstu tvær afborganirnar en féllst á að greiða Lilju síðustu afborgunina að fjárhæð 2 milljónir auk vaxta sem voru á gjalddaga 1. nóvember.

Fjallið um eftirfarandi atriði með hliðsjón af viðskiptabréfareglum:

- 1. Fjallið um möguleika Jobba Hattar á því að ná bréfinu til baka frá Lilju.**
- 2. Þarf Hans Óli að greiða einhverjar greiðslur aftur?**

Svar skal vera ítarlega og vel rökstutt. Útskýra skal þær reglur um viðskiptabréf sem til álita koma og hvernig þeim skuli beitt í hverju einstöku tilfelli.